
2. nóvember 2026 | Aðsent efni | 994 orð | 3 myndir

Kynslóðasamningurinn er brostinn – bæði gagnvart eldra fólki og yngra

Hlusta á greinina
9 min

Sami fjöldi eldra fólks þarf um 70% fleiri íbúðir en jafnmargir íbúar í meðalheimili. Samt gera húsnæðisáætlanir ekki ráð fyrir öldrun þjóðar.



[Smellið til að sjá stærri mynd]

Sigurður Stefánsson

Samkvæmt miðspá Hagstofunnar verða 65 ára og eldri orðnir fleiri en börn undir 18 ára aldri árið 2045. Áhrif þessara breytinga hríslast víða um samfélagið. Heimilin breytast, því með hækkandi aldri búa fleiri einir, og það kallar á annars konar húsnæði og skipulag sem tekur mið af breyttum þörfum íbúa. Um leið þarf mun stærri hluti íbúa á heilbrigðistengdri þjónustu að halda en áður. Uppbygging þeirrar þjónustu hefur ekki fylgt þörfinni, frekar en að skipulagsyfirvöld hafi gert ráð fyrir öldrun þjóðarinnar. Íslenskt samfélag hefur verið slegið blindu gagnvart félagslegum áhrifum öldrunar, og hvorki uppbygging húsnæðis né heilbrigðisþjónustu hefur verið í takt við breyttar þarfir. Eldra fólki fjölgar og ævilíkur aukast, og afleiðingarnar sjást nú bæði á erfiðum húsnæðismarkaði og í vanda Landspítalans. Skoðum þessi áhrif nánar.

Árið 2045 verða fleiri 65 ára og eldri en börn

Árið 1968 voru um 80 þúsund börn undir 18 ára á Íslandi og í dag eru þau lítið fleiri, eða um 85 þúsund. Fólki 65 ára og eldra hefur á sama tíma fjölgað úr um 17 þúsundum í yfir 60 þúsund, og samkvæmt spá verða þau um 170 þúsund árið 2070. Við lifum lengur og eignumst færri börn: frjósemi hefur fallið úr 4,3 börnum á hverja konu árið 1960 í 1,56 árið 2025. Þróunin er fyrirsjáanleg. Fólkið sem verður áttrætt árið 2040 er þegar fætt.

Því eldri sem við verðum, því fleiri búa einir

Flestir búa með börnum sínum í um 20-25 ár en í um 30 ár án þeirra eftir að þau flytja að heiman, og með árunum missa æ fleiri maka sinn. Um 34% allra heimila eru í dag einmenningsheimili, en um 60% heimila fólks 65 ára og eldra. Í hverjum hundrað íbúðum búa að jafnaði um 240 manns, en aðeins um 140 þegar íbúarnir eru 65 ára og eldri, eða um 1,4 á hverju heimili. Sami fjöldi eldra fólks þarf því um 70% fleiri íbúðir en jafnmargir íbúar í meðalheimili og íbúðir sem hægt er að búa í þegar færnin minnkar.

Samt er í sex af sjö húsnæðisáætlunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gert ráð fyrir óbreyttri hlutfallslegri aldurssamsetningu næstu 10 ár. Við skipuleggjum nýja leikskóla og skóla fyrir börn, sem hefur lítið fjölgað í hálfa öld, en innviði fyrir fólk á efri árum, sem fjölgar hratt, vantar. Skipulag á að mæta þörfum næstu áratuga, ekki fortíðarinnar.

Álagið kemur fram í heilbrigðiskerfinu

Þegar heimilin minnka og þörfin fyrir aðgengi og stuðning eykst þarf uppbyggingin að fylgja þeirri breytingu. Annars getur skortur á hentugu húsnæði og þjónustu aukið þörf fyrir umfangsmeiri aðstoð og torveldað útskrift af sjúkrahúsi.

Þegar fjölgunin er skoðuð eftir aldurshópum sést að hún er hröðust í elstu hópunum. Frá 2026 til 2040 fjölgar fólki 80 ára og eldra um 86% en landsmönnum öllum um 24%. Gróf ur framreikningur Aflvaka bendir til að fjölgun 75 ára og eldri geti ein og sér aukið árleg heilbrigðisútgjöld um 130 milljarða króna árið 2040 miðað við 2026, á verðlagi ársins 2025, ef kostnaður á mann innan aldurshópa helst óbreyttur. Hversu mikið má draga úr þeirri aukningu með betra húsnæði og þjónustu þarf að meta sérstaklega.

Nettófjölgun hjúkrunarrýma var 69 á árunum 2019-2024. Frá september 2023 til ágúst 2024 var að meðaltali fimmta hvert rúm á legudeildum Landspítala nýtt fyrir fólk sem beið eftir hjúkrunarrými. Í Morgunblaðinu 27. október sl. benti Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala, á að sjúklingar kæmust ekki af spítalanum að lokinni meðferð vegna skorts á hjúkrunarrýmum. Það undirstrikar hversu mikilvægt er að byggja upp þjónustu utan spítalans samhliða því að efla hann.

Hlusta á greinina
9 min

Kynslóðasamningurinn er brostinn

Íslenskt samfélag byggist á óskrifuðum samningi milli kynslóða: þau sem eru á vinnualdri standa undir þjónustu við börn og aldraða, í trausti þess að næsta kynslóð geri það sama fyrir þau. Samningurinn gengur aðeins upp ef húsnæði og þjónusta eru til staðar þegar þörfin verður til. Fæstir yfir sjötugt geta beðið í áratugi.

Á húsnæðismarkaðnum er samningur kynslóðanna þegar brostinn gagnvart ungu fólki. Miðað við að einn einstaklingur sé kaupandi, meðalverð íbúða fyrstu kaupenda og 90% lánsfjármögnun ráða aðeins 3,2% þrítugra við að kaupa fyrstu íbúð án stuðnings. Eldra fólk og ungt fólk keppir um sömu íbúðirnar, því of fáar henta eldra fólki.

Í heilbrigðiskerfinu eru sömu brestir komnir fram gagnvart þeim eldri. Ríkið ber þorra kostnaðarins við umönnun á efri árum. Þegar þörfin vex hraðar en uppbyggingin lendir þunginn að stærstum hluta á þeim sem þá verða á vinnualdri: sömu kynslóð og nú á erfitt með að eignast heimili. Lífeyrissparnaður tryggir tekjur á efri árum. Hann tryggir ekki einn og sér að hentugt húsnæði, þjónusta og starfsfólk verði til staðar þegar þörfin kemur upp.

Fleiri ár í sjálfstæðri búsetu

Uppbygging sjúkrahúsþjónustu og úrræða utan spítala þarf að haldast í hendur. Hentugt húsnæði, stuðningur í nærumhverfinu, endurhæfing og hjúkrun þurfa að mynda samfellda þjónustu sem hjálpar fólki að halda sjálfstæði og fá viðeigandi aðstoð þegar hennar er þörf. Þegar eldra fólk getur flutt í hentugra húsnæði losna jafnframt fjölskylduíbúðir fyrir unga fólkið. Mikill skortur er á hentugu húsnæði fyrir 65 ára og eldri, jafnt pör sem einhleypa.

Í Noregi er húsnæði hluti af stefnu stjórnvalda um örugga búsetu heima. Þar er lögð áhersla á hentugar íbúðir, aðgengilegt nærumhverfi og samhæfða þjónustu til að fólk geti búið sjálfstætt lengur.

Fyrirhuguð uppbygging í Gunnarshólma í Kópavogi, sem Aflvaki vinnur að, byggist á þessari hugsun. Þar er gert ráð fyrir að húsnæði, aðgengilegt nærumhverfi, endurhæfing og hjúkrun verði skipulögð saman frá upphafi. Markmiðið er að fólk geti haldið sjálfstæði sínu lengur og fengið aukna þjónustu þegar þörfin breytist. Slík uppbygging kallar á samstarf sveitarfélags, heilbrigðisyfirvalda og þjónustuveitenda, með raunhæfum áætlunum um mönnun og rekstur. Svæðið er hins vegar utan vaxtarmarka svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, og skipulagið þarf að gera ráð fyrir lausnum af þessu tagi.

Hefjumst handa núna

Ríki og sveitarfélög þurfa nú að samræma áætlanir um húsnæði, nærþjónustu og heilbrigðisþjónustu við fyrirsjáanlega fjölgun eldra fólks. Uppbygging tekur tíma. Með því að hefjast handa núna stöndum við við skyldur okkar gagnvart bæði eldra fólki og kynslóðunum sem á eftir koma.

Höfundur er framkvæmdastjóri Aflvaka þróunarfélags ehf.

Höf.: Sigurður Stefánsson

Hlusta á greinina
9 min